



Skipulagsstofnun

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6.8.2025

Málsnúmer: 202507-0022

IAS

Efni: Borholur á Reykjum. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun frá 9. júlí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna borholna Veitna á Reykjum í Mosfellsbæ.

Veitur áforma að bora sjö vinnsluholur fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsdal. Holurnar verða allar boraðar með 100 tonna jarðbor sem þarf allt að 3.200 m² stórt borplan. Tvær af holunum verða boraðar frá sama plani þ.a. gerð verða sex borplön fyrir holurnar sjö. Um er að ræða gróið land og einkennist svæðið einkum af ræktun ýmiskonar og beit. Landnotkun er skilgreind í aðalskipulagi sem óbyggð svæði eða framtíðar-íbúasvæði. Borplön eru í námunda við opin svæði til sérstakrar nota fyrir skógrækt og garðhúsabyggð. Vestan við framkvæmdasvæðið eru þéttbýl svæði með íbúðabyggð og samfélagsþjónustu. Endurhæfingarstöðin í Reykjalandi og næsta íbúabyggð eru í um 400 m fjarlægð frá borholu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Framkvæmdasvæðið er utan allra verndarsvæða en nokkur friðuð svæði eða svæði á náttúruminjaskrá eru á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þetta eru náttúruvættin Tungufoss í Köldukvísl og Álafoss í Varmá, friðlandið Varmárósar, Blikastaðakró-Leiruvogur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fugla og loks Varmá, Leiruvogur og Hafravatn sem eru á C-hluta náttúruminjaskrár. Fjallað er möguleg áhrif á þessi svæði í kafla 7.2 Áhrif á vatnshlot og eru þau metin óveruleg. Talið er að vatnstaka úr Köldukvísl geti tímabundið truflað búsvæði lífvera nálægt vatnstökustaðnum og að staðbundin hækking geti orðið á hitastigi í Varmá og aukning á gruggi. Æskilegt er að fylgst verði með bæði Kaldakvísl og Varmá á framkvæmdatíma svo hægt verði að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir möguleg skaðleg áhrif á lífríkið.

Rask á gróðri verður staðbundið vegna borplana en það er metið óverulegt. Ekki er vitað til þess að friðaðar plöntur finnist á svæðinu en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru þar skráðar vistgerðir með hátt verndargildi, t.d. snarrótarvist, grasmóavist, língresis- og vingulsvist og grasengjavist en hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Skoða þarf gróður á fyrirhuguðum borstæðum áður en farið er í framkvæmdir til að koma í veg fyrir rask á vistgerðum með hátt verndargildi.

Ekki er nein umfjöllun um áhrif á fugla en æskilegt er að framkvæmdir verði utan varptíma til að lágmarka möguleg neikvæð áhrif.



Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum áhrifum hennar á umhverfi og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 31. júlí 2025
202507-0051/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar borunar sjö vinnsluhola fyrir hitaveitu á Reykjum í Mosfellsdal. Um er að ræða framkvæmdir á jarðhitasvæði þar sem borholur verða allt að 1.500 m djúpar og staðsettar í grónu landi í nágrenni við íbúabyggð, skógræktarsvæði og verndarsvæði við Varmá. Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila er helsti tilgangur framkvæmdarinnar að endurheimta tapaða vinnslugetu, bæta rekstraröryggi og nýta árstíðabundna sveiflu í eftirspurn eftir heitu vatni.

Framkvæmdalýsing

Samkvæmt matsskyldufyrirspurn hyggjast Veitur bora allt að sjö vinnsluholur á Reykjum í Mosfellsdal, allt að 1.500 m djúpar. Gert er ráð fyrir sex borplönum og að hluti borana fari fram í áföngum. Borplön verða undirbúin með jarðdúk til að minnka mengunarhættu, og borsvarf verður nýtt sem fyllingarefni í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis – og orkustofnunar.

Skolvatn verður tekið úr Köldukvísl, hringrásað eftir föngum og leitt í setgildru. Umframvatn mun renna í skurði og smálækjarfarvegi sem tengjast Varmá eða Skammadal. Áætlað er að kæla skolvatn ef það hitnar umtalsvert. Aðkoma verður eftir núverandi slóðum, sem verða víða styrktar.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. tölulið 3.17 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 og er háð framkvæmdaleyfi og starfsleyfi.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að Varmá, sem rennur í nágrenni borholusvæðisins, sé skráð á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar sem vatnsfall nr. 139. Þar segir að Varmá sé eitt fárra varmavatna landsins og hafi mikið vísindalegt gildi. Hluti skolvatns og jarðhitavatns sem verður til við boranir getur runnið í gegnum framræsluskurði og smálækjarfarvegi til Varmár.

Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að leggja ríka áherslu á að tekið sé fullt mið af verndargildi Varmár sem er á náttúruminjaskrá og að varúðarreglu náttúruverndarlaga beri

að beita við leyfisveitingar og mat á framkvæmdum sem geta haft áhrif á ástand og eiginleika slíks vatnsfalls, sbr. 7. og 8. gr. laga nr. 60/2013.

Í greinargerð segir að tímabundin hækkun hitastigs, gruggmyndun og efni í skolvatni geti borist í Varmá með óvissu um áhrif á lífríki. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þessum áhrifum sé veitt ítarlegt mat áður en leyfi til framkvæmda er veitt, og að fram fari nákvæm vöktun á áhrifum á lífríki og eðli Varmár.

Gróður og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að á framkvæmdatíma verði staðbundið rask á gróðri vegna lagningar borplana og vegslóða. Vistgerðir á svæðinu eru aðallega flokkaðar sem graslendi, mólendi og önnur landgerði (tún, akurlendi og lúpína). Fram kemur að meðal þeirra vistgerða sem verða fyrir raski eru grasmóavist, língresis- og vingulsvist og grasengjavist.

Í greinargerð kemur einnig fram að þessar vistgerðir séu skráðar á lista Bernarsamningsins (2014) yfir vistgerðir sem njóta verndar og teljast hafa hátt eða mjög hátt verndargildi, þótt þær séu útbreiddar á landsvísi.

Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að taka tillit til þess að vistgerðir sem falla undir Bernarsamninginn og mikilvægt sé að raska ekki þeim vistkerfum nema að undangengnu heildstæðu mati á þörf og áhrifum framkvæmdar og að teknu tilliti til annarra valkosta.

Þótt vistgerðirnar séu útbreiddar getur staðbundið rask á svæðum með hátt verndargildi kallað á mótvægisáðgerðir. Nauðsynlegt er að kortleggja umfang og staðsetningu vistgerða með hátt verndargildi á fyrirhuguðum borplönnum og meta áhrif framkvæmda á þær sérstaklega. Einnig þarf að tryggja endurheimt raskaðra svæða að framkvæmdum loknum.

Náttúruverndarstofnun bendir á auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna en samkvæmt henni eru þær plöntur sem friðunin nær til friðaðar hvar sem þær finnast. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru landsins. Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að greining fari fram á því hvort friðaðar tegundir séu að finna innan framkvæmdasvæðisins. Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að við töku hvers kyns ákvarðana, sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna, skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar, sem nefnd eru hér að ofan. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Umsögn þessi uppfyllir ekki umsagnarskyldu skv. 7. gr. auglýsingarinnar, sbr. 57. gr. náttúruverndarlaga. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að óska umsagnar stofnunarinnar á síðari stigum áður en veitt er leyfi vegna umræddra framkvæmda.

Hljóðvist og rask vegna framkvæmda

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

Í greinargerð kemur fram að við framkvæmdina verði hávaði við notkun á loftpressu við borun. Gert er ráð fyrir að hávaðastig loftpressunnar geti náð um 75 dB(A) og að unnið verði á dagvöktum við holur í nágrenni við íbúabyggð og Reykjalund. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að gripið verði til mótvægisáðgerða ef niðurstöður hljóðmælinga sýna að viðmiðunarmörk fari yfir hávaðaheimildir samkvæmt reglugerð nr. 724/2008.

Í greinargerð kemur einnig fram að holur Reyk-3 og Reyk-5 eru í um 400 m fjarlægð frá næstu íbúabyggð og endurhæfingarstöð Reykjalundar. Um er að ræða viðkvæma starfsemi sem krefst lágmarks ónæðis, auk þess sem svæðið gegnir einnig hlutverki í nærumhverfi íbúa og notenda til útivistar.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf við mat á áhrifum hljóðvistar að taka tillit til þess að svæðið hefur almennt gildi fyrir útivist og náttúruupplifun, bæði fyrir íbúa í Mosfellsbæ og gesti svæðisins. Í næsta nágrenni eru garðhúsabyggð, skógræktarsvæði og göngusvæði meðfram Varmá, sem auka viðkvæmni svæðisins gagnvart röskun á hljóðvist.

Áhrif á hljóðvist eru bundin við framkvæmdatíma. Í greinargerð kemur fram að lokinni borun sé ekki gert ráð fyrir varanlegum hávaðavaldandi búnaði á svæðinu og að áhrif á hljóðvist verði óveruleg eða engin til lengri tíma lítið.

Nauðsynlegt er að hljóðvist verði metin með tilliti til bæði íbúðabyggðar, viðkvæmrar starfsemi og útivistargilda svæðisins. Slíkt mat þarf að fela í sér staðbundnar hljóðmælingar og skýr viðmið um hvenær gripið skuli til mótvægisáðgerða, svo sem hljóðmanir, takmarkanir á vinnutímum og aðlögun framkvæmdaferla.

Mótvægisáðgerðir og vöktun

Í greinargerð framkvæmdaraðila eru tilgreindar ýmsar mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum framkvæmda á umhverfið, þar á meðal kæling skolvatns, endurnýting borsvarfs í fyllingar, takmörkun hávaða við dagvinnutíma og möguleg notkun hljóðmanar. Einnig kemur fram að skolvatn fari í gegnum setgildru og malarpúða áður en það rennur í viðtaka, og að borplön verði frágengin með landmótun og jarðvegsjöfnun.

Að mati Náttúruverndarstofnunar vantar þó að greina frá fleiri mótvægisáðgerðum og vöktun sem ættu að fylgja framkvæmd sem þessari, einkum þar sem áhrif eru möguleg á svæði á náttúruminjasrá og vistgerðir sem falla undir vernd Bernarsamningsins. Þá skortir skýrar viðmiðanir um hvenær gripið skuli til frekari áðgerða ef áhrif verða meiri en áætlað er.

Stofnunin leggur því eftirfarandi atriði til:

- **Vistgerðir:** Gerð verði vistgerðakortlagning á borplönnum og slóðum áður en framkvæmdir hefjast, með það að markmiði að forðast eða lágmarka risk á vistgerðum. Þar sem risk verður óhjákvæmilegt skal skilgreina áðgerðir til endurheimtar.
- **Plöntur:** Rannsaka hvort friðaðar tegundir séu að finna á framkvæmdasvæði og vinna áætlun um mótvægisáðgerðir gegn riski á þeim ef svo er.
- **Vöktun lífríkis í Varmá:** Fram fari vöktun á hitastigi, efnasamsetningu og gruggmagni í Varmá og lækjum sem skolvatn rennur til, bæði á framkvæmdatíma og eftir lok borana. Sérstaklega þarf að fylgjast með áhrifum á líffræðilega gæðapætti og búsvæði fiska.

- **Viðbragðsáætlun:** Settar verði skýrar viðbragðsreglur ef mælingar sýna meiri áhrif en áætlað er, t.d. hækkað hitastig í Varmá, áhrif á lífríki eða hávaði yfir viðmiðum. Áætlun þessi skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.
- **Sjónræn áhrif:** Ef borholuhús eða önnur varanleg mannvirki verða reist, skal greina frá sjónrænum mótvægisáðgerðum, t.d. lágstemmdri hönnun og landmótun í kring.

Að mati stofnunarinnar ætti framangreind mótvægisáætlun að vera hluti af mati á umhverfisáhrifum, komi til slíks mats, en einnig að skilyrðum leyfis ef framkvæmdin verður ekki talin matsskyld.

Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Náttúruverndarstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 30. júlí 2025
Tilv.2025-07-09-1296/2.4.1

Efni: Varðar umsagnarbeiðni um borholur á Reykjum, Mosfellsbæ

Með erindi úr Skipulagsgátt þann 9. júlí síðastliðinn leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi hugsanlega matsskyldu framkvæmda sem varða fyrirhugaða gerð sjö borholna fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsbæ. Málið er nú í kynningarferli og er nr. 973/2025. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum að Hafravatn, Leirvogsa, Varmá og Kaldakvísl séu á framkvæmdasvæðinu.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Með umsókn skal fylgja álit viðkomandi veiðifélags og umsögn sérfræðings um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Sækja má um leyfið með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>.

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu



Hera K. Aradóttir
Sérfræðingur lax- og silungsveiðisviðs



**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Umsögn Vegagerðarinnar um tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.
Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ.**

Mál nr. 973/2025

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningu vegna mögulegrar matsskyldu borhola á Reykjum í Mosfellsbæ, dags. júlí 2025.

Vegagerðin hefur farið yfir tilkynninguna í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Við matið er tekið mið af lögbundnu hlutverki stofnunarinnar, sem felst í að tryggja greiðar og öruggar samgöngur á sjó og landi.

Að mati Vegagerðarinnar hafa fyrirhugaðar framkvæmdir ekki áhrif á innviði hennar né rekstur, og stofnunin hefur því engar frekari athugasemdir við tilkynninguna.

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Hólmfríður Bjarnadóttir

Forstöðumaður

Umhverfi og sjálfbærni

Síða 1/1

Vegagerðin

Suðurhraun 3

210 Garðabær

+354 522 1000

vegagerdin.is

vegagerdin

@vegagerdin.is



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

6. ágúst 2025
MÍ202507-0059/ 6.07 / Þ.H.

Efni: Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ (nr. 0973/2025) – Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna áforma Veitna ohf um að bora sjö vinnsluholur fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsdal. Greinargerð var unnin af VSÓ ráðgjöf, *Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ. Matsskyldufyrirspurn*, dagsett í júlí 2025. Gerð verða sex borplön fyrir holurnar sjö og er hvert þeirra allt að 3.200 m² stórt og verður efnið í þau sótt í nærliggjandi námur með tilskilin leyfi. Aðkoma að borplönunum verður eftir slóðum sem þegar liggja um svæðið og þarf mögulega að styrkja einhverja þeirra.

Fjallað er um fornleifar í kafla 7.5 í greinargerðinni, bls. 14. Á svæðinu var unnin fornleifaskráning vegna deiliskipulags og gefin út í skýrslu árið 2023; Rúna K. Tetzschner et. al.: *Sólvellir og svæði austan Reykjalandar Fornleifaskráning vegna deiliskipulags* (Antikva ehf 2023). Skráning þessi er fullnægjandi fyrir gerð umhverfismats, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Eins og fram kemur í ofangreindri matsskyldufyrirspurn, þá lenda tvö borplön utan skráningarsvæðis, þ.e. Rey-7 og Rey-4. Undirritaður kannaði svæði þessi á vettvangi auk þess að skoða aðliggjandi vegslóða. Ljóst er að svæði þessi eru mjög röskuð. Gegnum Rey-7 liggur eldri veitulögn í jörðu og af gömlum loftmyndum má sjá að vegslóði hefur legið um NA-horn svæðisins. Rey-4 er raskað garðræktarsvæði.

Í kafla 7.5 er gerð grein fyrir þremur minjum sem lenda í námunda við framkvæmdasvæðið og verður þess gætt að valda ekki raski á þeim eða nálægum minjum með merkingum á framkvæmdatíma.


Framkvæmdasvæði Rey-7 og Rey 4 er á nú þegar röskuðu svæði. Við yfirferð á gömlum loftmyndum af reitnum voru engar minjar sjáanlegar og sömuleiðis fundust ekki minjar vettvangsathugun. Í ljósi þessa telur Minjastofnun ekki þörf á frekari fornleifakönnun á svæðinu en vill árétta að ef minjar finnast við framkvæmd verks bera

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

að tilkynna fundinn til Minjastofnunar, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Frá sjónarhóli fornminjavörslu telur Minjastofnun ekki þörf á að framkvæmd þessi fari í umhverfismat, en gæta þarf að því að minjar þær sem nefndar eru hér að ofan spillist ekki við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Handwritten signature in blue ink, reading "Þór Ingólfsson Hjaltalín".

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

24. júlí 2025
UOS2507115/V.L.J.

Umsagnarbeiðni borholur á Reykjum, Mosfellsbæ

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 9. júlí 2025, þar sem óskað er umsagna umsagnaraðila vegna tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/ 2021. Þar kemur fram að í umsögn um tilkynningarskyldar framkvæmdir skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisaðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig, ef á skortir atriði er umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að á frekari skýringar einnig ef þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Samkvæmt erindi er áformað að bora sjö vinnsluholur fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsdal. Gert er grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar, samræmi við skipulag og mögulegum áhrifum á umhverfið. Einnig eru lagðar til mótvægisaðgerðir og verklagsreglur á framkvæmdatíma. Tilgangur fyrirhugaðra framkvæmda er að auka þekkingu á svæðinu bæta rekstraröryggi með aukinni vinnslugetu Reykjasvæðis. Framkvæmdasvæðið er um 6,5 hektarar, þar sem borholurnar verða staðsettar á fimm aðskildum borteigum, hver um sig um 1.500 m². Til viðbótar við boranirnar munu framkvæmdir fela í sér gerð aðkomuvega, undirbúning borteiga og tengingu við innviði.

Umhverfis- og orkustofnun hefur kynnt sér erindi Skipulagsstofnunar. Samkvæmt 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 getur Umhverfis- og orkustofnun heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi. Fari rannsóknir hins vegar fram á vegum landeiganda þarf ekki leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum. Nýting á Reykjum hófst fyrir gildistöku laga nr. 57/1998, en ekki var gerð krafa í lögunum að nýting sem þegar væri hafin þyrfti að sækja um leyfi. Engu að síður hvetur Umhverfis- og orkustofnun nýtingaraðila til að sækja um nýtingarleyfi. Slíkt leyfi þarf að liggja fyrir áður en nýting hefst.

Einnig er bent á 22. gr. laga nr. 57/1998 þar sem fram kemur að við jarðboranir skuli færa dagbók og skylt er að láta Umhverfis- og orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Gefnar hafa verið út reglur er varða skráningu, hönnun og frágang borholna, sem og skil á upplýsingum sem má nálgast á vefsetri Umhverfis- og orkustofnunar¹.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í vatnaáætlun Íslands 2022-2027 kemur fram stefnumörkun um vatnsvernd þar kemur fram að öll vatnshlot skuli vera í góðu eða mjög góðu ástandi. Með erindi Skipulagsstofnunar fylgir áhrifamat á vatnshlot sem gætu orðið fyrir áhrifum á framkvæmdartíma, dagsett í júlí 2025. Vatnshlot sem um ræðir eru þrjú grunnvatnshlot, Hafravatn nr. 104-261-1-G, Stór-Reykjavík nr. 104-261-2-G og Leirrvogsá nr. 104-289-G. Í grenndinni er straumvatnshlotið Varmá nr. 104-825-R, en lækurinn í Skammadal er innan aðrennslissvæðis þess, og straumvatnshlotið Kaldakvísl 1.nr. 104-916-R.

Fram kemur í 28. gr. laga nr. 36/2011 að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Umhverfis- og orkustofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdaaðilar séu upplýstir um að ítarlegt áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en sótt er um nýtingarleyfi og nýting hefst til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Umhverfis- og orkustofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Vigdís Louise Jónsdóttir
sérfræðingur

María Guðmundsdóttir
sérfræðingur

¹ [OS-2019-R01-01-Borholureglur.pdf](#)

Skipulagsstofnun
Umhverfismatssvið
Borgartúni 7b, Reykjavík
Skipulagsgátt mál nr. 973/2025

Kópavogur, 6. ágúst 2025
Tilvísun: K-21122

Efni: Borholur á Reykjum, Mosfellsbæ

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér áform um borun allt að sjö vinnsluholum fyrir hitaveitu á Reykjum, Mosfellsdal.

Um er að ræða gróið land og einkennist svæðið einkum af ræktun ýmiskonar og beit. Landnotkun er skilgreind í aðalskipulagi sem óbyggð svæði eða framtíðar-íbúðarsvæði. Borplön eru í námunda við opin svæði til sérstakrar nota fyrir skógrækt og garðhúsabyggð. Vestan við framkvæmdasvæðið eru þéttbýl svæði með íbúðabyggð og samfélagsþjónustu. Endurhæfingarstöðin í Reykjalundi og næstu íbúabyggð eru í um 400 m fjarlægð frá borholu.

Framkvæmdasvæðið er um 6,5 hektarar og eru hver borteigum áætlaður um 1.500 fm. Þá kemur fram að framkvæmdirnar fela í sér gerð aðkomuvega, undirbúning borteiga og tengingu við innviði.

Í matsskyldufyrirspurninni er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar, samræmi við skipulag og mögulegum áhrifum á umhverfið. Einnig eru lagðar til mótvægisáðgerðir og verklagsreglur á framkvæmdatíma til að draga úr áhrifum á umhverfið. Þeir þættir sem teknir eru fyrir í matsskyldufyrirspurninni eru hljóðvist, vatnshlot, gróðurfar, fornleifar og ásýnd.

Að mati heilbrigðiseftirlits er ágætlega gerð grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin hefur í för með sér. Meðfylgjandi matsskyldu fyrirspurninni fylgir áhrifamat á vatnshlot og kemur þar fram að áhrif á þau vatnshlot sem eru á svæðinu eru takmörkuð en vöktun þó nauðsynleg. Samkvæmt vatnaáætlun skulu öll vatnshlot vera í góðu eða mjög ástandi og því er nauðsynlegt að unnið verði ítarlegra áhrifamat á vatnshlot áður en framkvæmdir hefjast og ítarleg vöktunaráætlun þarf að liggja til grundvallar.

Heilbrigðiseftirlitið telur að í matsskyldufyrirspurninni sé ágætlega gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar og þeim umhverfisáhrifum sem hún veldur og því ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Jarðboranir eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Hörður Þorsteinsson

Hörður Þorsteinsson
framkvæmastjóri